

Umsögn

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum (kynjahlutföll).

Frá meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Hinn 15. október 2020 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991 (80. mál). Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur og Þórhall Vilhjálmsson frá lagaskrifstofu Alþingis.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að kynjasjónarmið verði höfð til grundvallar við val í nefndir en tilefni þess er heildarendurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Efni frumvarpsins má skipta í tvo þætti. Í fyrsta lagi er lögð til sú vísiregla að við kosningu í forsætisnefnd og við skipun fastanefnda þingsins skuli gæta að hlutfalli kynjanna þannig að það sé eins jafnt og niðurstöður alþingiskosninga og kynjahlutföll innan þingflokka bjóða. Í öðru lagi er lögð til sú fortakslausa regla að við kosningu nefnda, ráða og stjórna á vegum Alþingis og í önnur opinber ráð og stjórnir skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Nefndin ræddi um framkvæmd vísireglu 1. og 2. gr. frumvarpsins. Ljóst er að ákvæðin hafa ekki að geyma skyldur fyrir þingflokka og framkvæmdin mun takmarkast við hlutfall kynjanna á Alþingi á hverjum tíma. Hins vegar telur meiri hlutinn mikilvægt að í þingsköpum séu skýr tilmæli í þessum efnum sem brýnir fyrir þingflokkunum að ná sem bestu mögulegu niðurstöðu að því er varðar jöfn kynjahlutföll í forsætisnefnd og í fastanefndum þingsins. Þá telur meiri hlutinn rétt að því sé haldið til haga að vísireglan er ekki takmörkuð við val í nefndir á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar. Það er viðvarandi verkefni að gæta að jöfnum kynjahlutföllum í nefndir eftir því sem líður á kjörtímabil og breytingar verða á skipan nefnda. Upplýsingar um hlutfall kynja má svo birta á vefsíðu Alþingis og uppfæra eftir því sem breyting verður á skipan nefnda.

Nefndin ræddi samspil frumvarpsins við hlutfallskosningar með þeirri aðferð sem er kennd við d'Hondt, sbr. 82. gr. þingskapa. Meiri hlutinn telur rétt að allsherjar- og menntamálanefnd skoði þetta samspil.

Þá ræddi nefndin um efni frumvarpsins og kosningu í forsætisnefnd. Ljóst er að hlutfall kynjanna í nefndum mun að miklu leyti takmarkast af kynjahlutföllum innan þingflokka. Vegna stöðu og hlutverks forsætisnefndar væri mögulegt að gera aðrar kröfur til hennar um kynjahlutfall og eftir atvikum jafnvel jafnara en niðurstöður alþingiskosninga og kynjahlutföll innan þingflokka bjóða. Í því ljósi hvetur meiri hlutinn allsherjar- og menntamálanefnd til að skoða þennan þátt málsins.

Meiri hlutinn telur rétt að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi. Verði frumvarpið að lögum verður Alþingi fyrsta þjóðþingið á Norðurlöndunum til að mæla fyrir um sjónarmið um kynjahlutföll í þingsköpum. Að mati meiri hlutans felur frumvarpið í sér mikilvægt skref í þá átt að jafna stöðu kynjanna.

Andrés Ingi Jónsson og Guðmundur Andri Thorsson skrifa undir umsögnina með fyrirvara um að þeir telji æskilegt að beina því til allsherjar- og menntamálanefndar að breyta 1. gr. á þann hátt að mælt sé fyrir um jöfn kynjahlutföll í forsætisnefnd með fortakslausum hætti.

Kolbeinn Óttarsson Proppé var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir umsögn þessa samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk umsögn þessari en tekur undir fyrirvara Andrésar Inga Jónssonar og Guðmundar Andra Thorssonar við málið.

Alþingi, 16. nóvember 2020.

Jón Þór Ólafsson, form.

Andrés Ingi Jónsson, með fyrirvara.

Guðmundur Andri Thorsson, með fyrirvara.

Kolbeinn Óttarsson Proppé.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Þórunn Egilsdóttir.